



Nefndasvið Alþingis  
B.t. Utanríkismálanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. október 2018

**Efni: Umsögn Bændasamtaka Íslands um tillögu til þingsályktunar um uppsögn tollasamnings um landbúnaðarvörur við Evrópusambandið. 22. mál, 149. löggjafarþing 2018–2019 (þskj. 22).**

*Tilv. 201810-0008*

Bændasamtök Íslands fanga þingsályktunartillögunni og leggja til að hún verði samþykkt. Tillagan er í samræmi við ályktun Búnaðarþings 2018 um tollamál, sem fylgir hjálagt í endurriti.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

  
Guðrún Vaka Steingrimsdóttir



## Ályktun Búnaðarþings 2018 um tollamál

### Markmið:

Búnaðarþing 2018 krefst þess að ríkisstjórn Íslands og Alþingi taki stöðu með innlendri matvælaframleiðslu með því að styrkja tollvernd íslensks landbúnaðar.

### Framganga og leiðir:

Magntollar á búvörur verði uppreiknaðir til verðlags dagsins í dag. Þá verði samningum við ESB um tollfrjálsa kvóta fyrir landbúnaðarafurðir frá 2007 og 2015 sagt upp með vísan til breyttra forsenda. Ennfremur verði leitað allra leiða til að nýta heimildir til að leggja tolla á innfluttar búvörur sem einnig eru framleiddar hér á landi. Þá verði innflutt kjöt umreiknað í ígildi kjöts með beini þegar um beinlausar og unnar afurðir er að ræða, við útreikninga á nýtingu gildandi tollkvóta.

### Greinagerð:

Á síðustu árum hefur orðið gríðarleg aukning í innflutningi á landbúnaðarvörum. Á sama tíma eru bændur innanlands að takast á við metnaðarfullar aðbúnaðarreglugerðir til að bæta aðbúnað sem er vel. Til að fara í þær fjárfestingar er mikilvægt að breytingar í ytra umhverfi landbúnaðarins séu ekki of miklar. Því miður á enn eftir að meta hvaða áhrif tollasamningur við ESB frá 2015 og nýfallinn EFTA dómur mun hafa á innlenda búvöruframleiðslu. Því er nauðsynlegt að ræða við stjórnvöld um tollverndina og hvernig hún kemur til með að þróast á gildistíma núverandi búvörusamnings. Í þeim viðræðum verði horft til þeirrar staðreyndar að framleiðsluskilyrði hér á landi eru allt önnur en þeirrar búvöru sem er verið að flytja inn, þegar horft er til stærðar framleiðslunnar og kostnaðar við aðföng. Sá aðdragandi sem var að tollasamningum sem gerðir voru við ESB bæði 2007 og 2015 gefur fullt tilefni til að ná fram skýrari stefnu stjórnvalda í tollamálum.